

REGLUGERÐ

um breytingu á sóttvarnarreglugerð nr. 112 27. ágúst 1954.

1. gr.

Framan við 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef menn, sem innan síðustu 14 daga fyrir komu sína hingað til lands, hafa dvalizt í löndum utan Evrópu, Bandaríkja Ameríku, Kanada, Azoreyja, Madeira, Kanaríeyja og Marokko og teljast ekki nægjanlega varðir gegn bólusótt fyrir það, að þeir hafi þegar haft bólusótt, skulu þeir, þegar þess er krafizt, framvísa gildu alþjóðlegu kúabólusetningarvottorði, sbr. 9. gr. Nú hafa hlutaðeigendur ekki slíkt vottorð, og skal þeim þá boðin kúabólusetning, en neiti þeir að láta bólusetja sig, skulu þeir sæta sóttvarnareftirliti í 14 daga talið frá þeim degi, sem þeir fóru frá því landi, utan Evrópu, Bandaríkja Norður-Ameríku, Kanada, Azoreyja, Madeira, Kanaríeyja og Marokko, sem þeir heimsóttu seinast.

2. gr.

1. Fylgiskjal með sóttvarnarreglugerðinni, kúabólusetningarvottorð samkv. 9. gr., skal vera úr garði gert, svo sem hér er sýnt:

(Sjá næstu síðu.)

**INTERNATIONAL CERTIFICATE OF VACCINATION OR REVACCINATION
AGAINST SMALLPOX**
**CERTIFICAT INTERNATIONAL DE VACCINATION OU DE REVACCINATION
CONTRE LA VARIOLE**

This is to certify that } date of birth } sex }
 Je soussigné(e) certifie que } né(e) le } sexe }
 whose signature follows }
 dont la signature suit }

has on the date indicated been vaccinated or revaccinated against smallpox with a freeze-dried or liquid vaccine certified to fulfil the recommended requirements of the World Health Organization.

a été vacciné(e) ou revacciné(e) contre la variole à la date indiquée ci-dessous, avec un vaccin lyophilisé ou liquide certifié conforme aux normes recommandées par l'Organisation mondiale de la Santé.

Date	Show by "x" whether: Indiquer par « x » s'il s'agit de:	Signature and professional status of vaccinator Signature et titre du vaccinateur	Origin and batch no. of vaccine Origine du vaccin et numéro du lot	Approved stamp Cachet d'authentification	
1a	Primary vaccination performed Primo-vaccination effectuée			1a	1b
1b	Read as successful Prise Unsuccessful Pas de prise				
2	Revaccination			2	3
3	Revaccination				
4	Revaccination				
5	Revaccination				

The validity of this certificate shall extend for a period of three years, beginning eight days after the date of a successful primary vaccination or, in the event of a revaccination, on the date of that revaccination.

The approved stamp mentioned above must be in a form prescribed by the health administration of the territory in which the vaccination is performed.

Any amendment of this certificate, or erasure, or failure to complete any part of it, may render it invalid.

La validité de ce certificat couvre une période de trois ans commençant huit jours après la date de la primovaccination effectuée avec succès (prise) ou, dans le cas d'une revaccination, le jour de cette revaccination.

Le cachet d'authentification doit être conforme au modèle prescrit par l'administration sanitaire du territoire où la vaccination est effectuée.

Toute correction ou rature sur le certificat ou l'omission d'une quelconque des mentions qu'il comporte peut affecter sa validité.

Heimilt er þó að gefa út kúabólusetningarvottorð á eldra vottorðsform til 1. janúar 1967. Vottorð útgefin á eldra formi gilda í 3 ár frá gildistökudegi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í sóttvarnarlögum nr. 34 12. apríl 1954, gengur í gildi 1. ágúst 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

25. júlí 1966.

Nr. 154.

AUGLÝSING

um nýja lyfjaverðskrá II.

Frá og með 10. ágúst 1966 gengur í gildi ný lyfjaverðskrá II og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 8. febrúar 1963, með áorðnum breytingum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. júlí 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

15. júlí 1966.

Nr. 155.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

I. Aðalbrautarréttur hefur verið ákveðinn á Fjarðargötu.

Við umferð á akrein frá Fjarðargötu að Lækjargötu verði gætt ákvæða umferðarlaga um biðskyldu við mót akreinarinnar og Strandgötu.

Við umferð norður Strandgötu að Lækjargötu verði sömuleiðis gætt ákvæða umferðarlaga um biðskyldu við gatnamót Fjarðargötu og gatnamót Lækjargötu.

Við gatnamót Fjarðargötu og Strandgötu, sunnan þríhyrningsins, hefur umferð úr Fjarðargötu forgangsrétt fyrir umferð suður Strandgötu.

II. Einstefnuakstur hefur verið ákveðinn á Strandgötu frá norðri til suðurs frá gatnamótum Reykjavíkurvegar að norðan að gatnamótum Lækjargötu að sunnan.

III. Hægri beygja úr Þúfubarði suður Reykjanesbraut og vinstri beygja af Reykjanesbraut vestur Þúfubarð hafa verið bannaðar.